



## Verkamannafélagið Dagsbrún: Lög, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Stjórnál – Verkamannafélagið Dagsbrún – Lög

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnálamaðurinn

Askja 2-1, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verkamannafélagsins "Dagsbrún".

Frumvarp.

I. Nafn og umdæmi.

## 1. gr.

Félagið heitir "Verkamannafélagið Dagsbrún" og nær starfssvið þess yfir Reykjavíkurlögsagnarumdæmi og Seltjarnarnesshrepp.

II. Tilgangur.

## 2. gr.

Tilgangur félagsins er sá, að styðja og efla hag félagsmanna og menningu, á þann hátt, sem kostur er á, meðal annars með því að ákveða vinnutíma, kaupgjald, vinnuskilmála, tryggja öryggi við vinnu, og stuðla að því að verkalyðurinn taki sjálfstæðan þátt í stjórnmálum lands og bæjarfélags í samræmi við önnur verkalyðsfélag fyrir hagsmunamálum verkalyðsins.

III. Skyldur og réttindi.

## 3. gr.

Sérhver daglaunamaður og verkamaður getur sótt um að verða meðlimur félagsins, ef hann er:

1. Fullra 16 ára að aldri.
2. Fær til allrar algengrar erfðiðsvinnu.

## 4. gr.

Sá, er verða vill meðlimur félagsins samkv. 3. gr., verður að senda formanni skriflega viðtökubeiðni með árituðum meðmælum tveggja félagsmanna, en formaður ber hana undir atkvæði á trúnaðarráðsfundi. Verði meirihluti atkvæða á fundinum með beiðninni er innsækjandi orðinn löglegur meðlimur félagsins, enda hafi hann þá greitt 5 kr. inngangseyri.

Hafi manni verið synjað um viðtöku með atkvæðagreiðslu, má ekki bera upp aftur viðtökubeiðni frá honum fyr en að liðnum 2 mánuðum.

## 5. gr.

Sérhver félagsmaður er skyldur að kaupa félagsmerki "Dagsbrúnar" og bera við vinnu.

## 6. gr.

Eigi hafa aðrir en þeir, er 3. gr. tiltekur, rétt til að láta bera upp viðtökubeiðni í félagið. Undanþágu má veita frá þessu með samþykki 2/3 hluta atkvæða á trúnaðarráðsfundi og félagsfund. Þeir félagsmenn, sem ekki fullnægja skilyrðum 3. greinar, eru ekki bundnir við kauptaxta félagsins eða samninga, sem það gerir við atvinnurekendur, enda eiga ekki atkvæði um þau mál.

7. gr.

Ef einhver félagsmaður getur ekki unnið fyrir fullu kaupi við erfiðisvinnu, sökum eðli, lasleika eða proskaleysis, getur hann gert kröfu til stjórnar félagsins um undanþágu frá ákvæðum verkkaupssamninga félagsins við atvinnurekendur. Skal þá stjórnin skipa 3 menn í nefnd til að kynna sér ástæður hans. Leggi nefndin til, að undanþágan sé veitt, skal stjórnin veita hana og taka um leið fram, í hverju undanþágan er fólgin og fyrir hve langan tíma hún er veitt. Undanþágu skal veita mörnum, sem eru 65 ára eða eldri, án nefndarskipunar. Menn, sem eru 60-70 ára að aldri, greiði hálfir ársgjald, eldri félagar eru gjaldfrjálsir.

8. gr.

Allir félagsmenn eru skyldir að tilfölda lögum félagsins og fundarsamþykktum og uppfylla samninga, sem það hefir gert við atvinnurekendur eða aðra. Enginn getur, nema hann beri fram afsökun, sem fundur tekur gilda, skorast undan að taka á móti kosningu í stjórn eða útnefningu til annars starfs í þarfir félagsins. Skyldur er og hver maður að taka á móti endurkosningu í 2 skifti eða gegna einhverju starfi, sem hann er skipaður í eða kosinn til næstu 3 ár, en að þeim tíma liðnum getur hann fengið sig undanþegi<sup>bvi</sup>/í 3 næstu ár þar á eftir.

Hver félagsmaður, sem verður þess víss, að lögbræt hafi átt sér stað í félaginu, er skyldur til að lýsa yfir því við starfsmenn félagsins eða formann þess.

9. gr.

Hver sá maður er rækur úr félaginu, sem að álíti trúnaðarráðsfundar eða ályktunararfær félagsfundar hefir unnið því ógagn, bakað því tjón, eða gert því eitthvað til vanza, sem ekki er álítið, að bætt verði með fé, svo og hver sá maður, sem ekki hlýðir lögum þess.

Ef félagsmaður er sakaður um lagabrot eða brot á fundarsamþykktum, skal trúnaðarráðsfundur úrskurða og ákveða, hvernig með skuli farið, og getur það úrskurðað menn til fésektta eða brottreksturs úr félaginu. Einnig getur það gefið þeim opinbera áminningu, eða svift þá umboði til trúnaðarstarfa.

Skjóta má úrskurði um fésektir eða brottvikningu til næsta ályktunararfær félagsfundar, en úrskurður trúnaðarráðs gildir þar til félagsfundur hefir ákveðið annað.

Úrskurði félagsfundar verður ekki áfrýjað.

10. gr.

Úrsögn úr félaginu getur átt sér stað, sé úrsegjandi skuldlaus við félagið. Skal hún vera skrifleg og afhendast formanni. Sá, er segir sig úr félaginu, skal líta félagsskirteini og félagsmerki sitt fylgja úrsögninni.

11. gr.

Ef maður segir sig úr féluginu, skal stjórnin athuga, vegna hvers úrsögnin kemur fram, og leggur hún álit sitt fyrir næsta trúnaðarráðsfund, er úrskurðar hvort úrsögnin er tekin gild.

12. gr.

Ef manni er vikið úr féluginu samkvæmt 9. gr., má ekki taka hann inn í félagið fyr en að ári liðnu, og því aðeins þá, að hann hafi bætt fyrir brottrekstrarsök sína. Þó má veita þeim undanþágu frá þessu, sem vikið hefir verið úr féluginu fyrir van-greiðslu á árstíllögum.

13. gr.

Félagsmenn hafa rétt til að vera meðlimir í "Styrktarsjóði verkamanna í Dags-brún", og aðrir ekki, en bundnir eru þeir við ákvæði sérstakrarvreglugerðar þess sjóðs.

14. gr.

Hver skuldraus félagsmaður hefir rétt til að fá styrk úr "Styrktarsjóði verkamanna og sjómannafélaganna í Reykjavík" samkvæmt skipulagsskrá þess sjóðs.

IV. Stjórn.

15. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, féhirðir og fjármálaritari. Varastjórn skipa 3 menn með sömu verkaskiftingu og hinir þrír síðast-töldu.

16. gr.

Formaður kveður til félagsfunda og trúnaðarmannaráðsfunda og stjórnar þeim. Í upphafi hvers fundar hefir hann leyfi til að stinga upp á einhverjum viðstöddum félagsmanni til að stjórnna fundinum. Hann undirskrifar gerðir félagsins og gætir þess, að allir starfsmenn geri skyldursínar. Hann hefir umsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því, að fylgt sé lögum þess og reglum í öllum greinum. Hann geymir skjöl þess, ef það hefir ekki skrifstofu, ella skulu þau geymd þar. Hann ávisar reikningum á félagið til greiðslu.

17. gr.

Ritari heldur fundargerðabætur félagsins og innfærir í þær allar fundargerðir, lagabreytingar og aðalreikning. Hann skal annast bréfaskriftir þess í samráði við formann.

18. gr.

Féhirðir hefir á hendi fjárhald félagsins og bókfærslu, sem að því lýtur, eftir nánara fyrirkomulagi stjórnarinnar. Sjóð félagsins skal hann geyma á vöxtum í banka eða öðrum jafn tryggum stað, eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar. Skyldur er hann að setja tryggingu fyrir sjóði félagsins, ef stjórnin krefst þess. Að öðrum kosti ber stjórnin ábyrgð á félagssjóði.

19. gr.

Fjármálaritari hefir á hendi eftirlit með innheimtu félagsgjaldanna, eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar.

20. gr.

Varamennirnir gegn<sup>a</sup>/allir sömu störfum og aðalmennirnir í stjórninni í forföllum þeirra, en skyldir eru aðalmennirnir að tilkynna varamönnum forföll sín með nægum fyrirvara ef unnt er.

21. gr.

Stjórn félagsins skal láta gera skrá yfir alla aðalfélaga í sérstakri bók (kjörskrá). Skal merkja við hvern þann í skránni, er neytt hefir atkvæðisréttar síns.

22. gr.

Íriggja marna nefnd gerir tillögur til allsherjaratkvæðagreiðslu um, hverjir skipi stjórn félagsins, varastjórn, stjórn vinnudeilusjóðs, endurskoðendur, trúnaðarráð svo og aðra trúnaðarmenn félagsins, er trúnaðarráð telur, að allsherjaratkvæðagreiðslu burfi um.

Nefndin skal skila tillögum sínum um, hverjir skipi stjórn félagsins, varastjórn, stjórn vinnudeilusjóðs, endurskoðendur til trúnaðarráðs félagsins, er ákveður endanlega, hverjir skuli vera í kjöri á tillögu merktri A. Ef allir nefndarmenn eru sammála um tillögu um menn í trúnaðarráð, skal sú tillaga merkt A. En sé nefndin klofin skal kjörstjórn skera úr um, hver tillagan skuli merkt A.

Nefnd þessi skal skipuð þannig: Tveir skulu kosnir af félagsfundi, en einn af trúnaðarráði og kýs nefndin sér sjálf formann.

Nefndin skal kosin í októbermánuði ár hvert og starfa árið, nema annaðhvort ályktunarfar félagsfundur eða trúnaðarráðsfundur samþykki að endurskipa hana.

Nefndinni / skal skylt að leggja fram tillögur sínar fyrir trúnaðarráð 15 dögum áður en kosning hefst.

Tillaga A skal lögð fram á skrifstofu félagsins og auglýst til sýnis félagsmönnum 8 dögum áður en kosning hefst.

Komi fram fleiri tillögur, skulu þær afhentar á skrifstofu félagsins ekki síðar en 3 dögum áður en kosning hefst.

23. gr.

Tillögur samkvæmt 23. gr. skulu fyrst prentaðar á kjörseðilinn undir békstafnum A og tekið fram hvaðan tillögur þessar séu komnar.

Komi tillaga til kosninga frá ekki færri en 75 og ekki fleiri en 100 gildum félagsmönnum skal hún prentuð undir bökstafnum B og skýrt frá, frá hverjum hún komi fyrst og fremst. Komi fleiri en ein slík tillaga frá 75-100 fullgildum félagsmönnum, skulu þær einnig prentaðar á kjörseðilinn. Ræður þá kjörstjórn békstöfum yfir aðrar tillögur, en þá sem kemur frá trúnaðarráði, hún skal ætið merkt A.

Í enga tillögu má taka upp nöfn manna, sem gefa skriflegt leyfi til að nafn beirra sé sett á aðra tillögu

24. gr.

Kosning skal hefjast 18. janúar og standa til dagsins fyrir aðalfund, um stjórn félagsins, varastjórn, stjórn vinnudeilusjóðs, endurskoðendur, trúnaðarráð og aðra fulltrúa, sem þurfa þykir að kjósa um, og tilkynnað eiga á aðalfundi. Óski kjósandi að kjósa eina prentaða tillögu á kjörseðili óbreytta, krossar hann við tillögubókstafinn, en óski kjósandi breytinga á tillögu, er hann kýs, er honum heimilt að strika út nöfn, og getur hann kosið menn í staðinn á annari tillögu og skal hann þá krossa við nöfn þeirra.

Ávalt skal vera einn meður tilnefniður af kjörstjórn sem kjörstjóri.

Beir, sem fyrirfram er kurnugt um, að hafi 75-100 stuðningsmenn til kjörs, hafa cinnig rétt að hafa viðstaddan fulltrúa fyrir sig. Ekki skal heimilt að viðhafa neini kosningaráður á kjörstað, né við hann, né hafa þar neinar tillögur, áskoranir eða hvatningar um kosninguna aðrar en leiðbeiningar samkvæmt lögnum.

25. gr.

Eftir að félagsmaður hefir greitt athvæði, skal hann láta atkvæðaseðilinn í lok aðan atkvæðakassa. Lykilinn að kassanum geymir férmaður kjörstjórnar. Kjörstjórn skal ganga úr skugga um, að kassinn sé tómur, aður en hann er innsiglaður af honni og hafa þeir, er standa að tillögum, rétt til þess að vera viðstaddir, er það er gert, og mega þeir innsigla kassann með innsigli sínu. Aðeins er leyfilegt að láta kosningu standa yfir fyrirfram auglystan tíma daglega og skulu ætið vera viðstaddir umboðsmenn frá þeim, er standa að tillögum, ef þeir óska þess. Hver kjósandi skal undirrita með eigin hendi viðurkenningu fyrir því, að hann hafi móttekið atkvæðaseðil. Einnig skal kjörstjórn merkja við nöfn þeirra félagsmanna á kjörskrá, er afhentur er kjörseðill.

26. gr.

Kjörstjórn annast prentun allra atkvæðaseðla, er gilda eiga við allsherjaratkvæðagreiðslu og sér um, að atkvæðagreiðslan fari löglega fram og fullkomlin leynd sé á því, hvernig menn greiði atkvæði. Hún telur atkvæði að lokinni atkvæðagreiðslu og

úrskurðar vafaatkvæði og tilkynnir úrslit.

Kjörstjórn heldur gerðarbók og skal í hana fárt, hvenær hún hefir móttakið til-lögu og ákvarðanir um, hvenær kosningar hefjast. Þá skal bókað í hana þegar atkvæðakassi er innsiglaður og tala atkvæðaseðla áður en kesning hefst, svo og þegar henni er lokið og þá tekið fram, hvað margir seðlar eru ónotaðir, hvað margir hafa greitt atkvæði, svo og, eftir talningu, hver úrslit atkvæðagreiðslan sýnir. Kjörstjórn skal begar eftir að talningu atkvæða er lokið í hvert skifti, afhenda formanni félagsins gerðarbókina; eða afrit af úrslitum atkvæðagreiðslu, en óski formaður eftir gerðarbókinni til þess að fá fyllri upplýsingar um atkvæðagreiðslu en afritið sýnir, þá skal honum þegar afhent hún.

27. gr.

Kjörseðill er gildur, ef hann ber greinilega með sér hvern eða hverja kjósandi hefir ætlað að kjósa og engin sérstök auðkenni séu á hanum, er sýni hver hafi kesið. Aldrei má kjósa fleiri en einn í hvert sæti.

28. gr.

Úrslit kosninga skulu tilkynnt á aðalfundi, og eru þeir kosnir, sem flest fá atkvæði, hver í sínu sæti. Fái tveir jafnmögorg atkvæði, ræður blutkesti.

29. gr.

Félagið heldur fundi, þegar stjórn félagsins eða trúnaðarráðið telur þörf á, þó ekki sjalnar en eini sinni á ársfjórðungi á tímabilinu frá 1. október til 14. maí. Heimilt er að boða félagsmenn eftir heimilum í bæjarhverfum á félagsfundi, þannig, að ekki fleiri en 500/séu í hverju hverfi. Heimilt er þá að leggja saman atkvæðatölur allra hverfisfundanna um samhljóða tillögur, og gildir þá meirihluti samanlagðra atkvæða sem úrskurður félagsfundar. Formeður skipar dyraverði. Allir fundir eru lögmetir, ef til þeirra hefir verið boðað með sólarhrings fyrirvara eða meir í minnst eimur dagblaði og í ríkisútvarpinu, eða bréflega. Félagsfundir eða hverfafundir geta þó ekki tekið ályktun um ágreiningasmál gegn trúnaðarráði nema minnst 300 fullgildir félagsmenn séu á fundi.

A félagsfundum skal gera grein fyrir störfum stjórnar og trúnaðermannaráðs milli funda.

V. Fundir.

30. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn síðari hluta janúar ár hvert. Þar skulu lagðir fram reikningar félagsins endurskoðaðir til athugunar og samþykktar. Þar skal lýsa kosningu stjórnar, varastjórnar, trúnaðarráðs, endurskoðunarmanna og varaendurskýðanda. Þá skal gefin skýrsla um störf stjórnar og trúnaðarráðs fyrir síðasta starfsá.

31. gr.

Fundum skal stjórna eftir fundarskópum, sem fálagið hefir samþykkt. Vafaatriði um fundarskóp úrskurða fundir við einstök tækifæri. Að öðru leyti fer fundarstjóri eftir því, sem honum þykir bestt henta.

VI. Trúnaðarráð og deildaskifting.

32. gr.

Trúnaðarráð hefir æðsta vald í málum félagsins þar sem ekki er annars getið í lögum þessum, þó ávalt að undanskildum allsherjaratkvæðagreiðslum. Ráðið skal ætlað skipað 100 kjörnum fullgildum félagsmönnum. Skulu þessir trúnaðarmenn kosnir um leið og stjórn félagsins og á sama hátt. Tillögur um þá kosningu gerir 3ja manna nefnd, sem er skipuð samkvæmt 22. gr. Fækki í trúnaðarráði á árinu skal lögmætur félagsfundur kjósa nýja trúnaðarmenn þannig, að ráðið sé ávalt fullskipað.

33. gr.

Allar nefndir, sem starfa í féluginu, skulu kosnar af trúnaðarráði og skila álití sínu og störfum til þess, ef ekki er öðruvísi löglega ákveðið, þegar kosning fer fram.

34. gr.

Fundir skulu haldnir í trúnaðarráði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði frá 1. okt. til 1. maí. Annars boðar stjórnin til funda með auglýsingu í minnst einu dagblaði og í ríkisútvarpinu, eða bréflega, þegar hún telur þess þörf, eða þegar minnst 1/4 trúnaðarráðs æskir þess.

35. gr.

Heimilt er trúnaðarráðinu að skifta féluginu í deildir, er hver nái yfir ekki færri en 20 félaga og skifta forustu deildanna milli trúnaðarmanna og setja þeim starfsreglur.

36. gr.

Trúnaðarráðið setur sér sjálft starfsreglur og fundaskóp innan þess valdsviðs, er lög þessi leyfa.

37. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að stofna sérstaka deild fyrir pilta innan 16 ára, sem stunda algenga verkomannavinnu í bænum. Skal ákveða meðlimagjöld hennar sérstaklega, og ennfremlur skal hún hafa eigin starfsemi og stjórn eftir því, sem fálagið samþykkir þar um.

38. gr.

Skyldur er hver félagsmaður að stuðla að því eftir mætti, að verkamenn gangi í félagið. Fáist maður ekki til þess, er félagsmönnum óheimilt að vinna með honum. Enginn félagsmaður má neita öðrum félagsmanni um að sjá skírteini sitt.

VII. Kjörstjórn.

39. gr.

Kjörstjórn skal skipuð þremur fullgildum félagsmönnum. Skal einn skipaður af stjórn félagsins, einn af trúnaðarráði og einn af félagfundi.

Þess skal gætt, að ekki séu í kjörstjórn fleiri en einn meðlimur úr stjórn.

Um leið og aðalmenn eru tilnefndir í kjörstjórn skal hver aðili skipa varamann.

VIII. Trúnaðarmannaráð.

40. gr.

Trúnaðarmannaráð hefir vald til þess að taka ákvörðun um, hvenær hefja skuli vinnustöðvanir og hvenær þeim skuli aflétt.

Í trúnaðarmannaráði eigi sæti stjórn félagsins og fjórir fullgildir félagsmenn kosnir til eins árs í senn á fyrsta fundi trúnaðarráðs eftir aðalfund félagsins. Í forföllum aðalmannna taka varastjórnarmenn félagsins sæti í trúnaðarmannaráði fyrir stjórnarmeðlimi, en trúnaðarráð kýs fjóra varamenn af sinni hálfu.

Trúnaðarmannaráðsfundur er lögmætur, ef meirihluti meðlima þess mæta. Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarmannaráðs og ritari félagsins ritari þess. Formaður kveður trúnaðarmannaráð til fundar með þeim hætti, sem hann telur heppilegast.

Ákvarðanir um að hefja verfall eða afléttu því eru lögmætar og bindandi fyrir félagið og meðlimi þess, ef a.m.k. 3/4 hlutar greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi hafa samþykkt þær.

Á fyrsta fundi trúnaðarráðs eftir að lagabreyting þessi gengur í gildi skal það kjósa trúnaðarráðsmenn.

IX. Félagsskírteini.

41. gr.

Allir skuldlausir félagar og myjir félagar eiga rétt á að fá félagsskírteini hjá stjórninni gegn gjaldi, enda skal þeim skylt að kaupa það. Skírteinið sannar hvar sem er félagsrétt manna. Þegar á fund er farið skal hver félagsmaður sýna dyraverði félags-skírteini við innganginn, elleif er honum ekki heimil innganga í fundarsalinn, nema formaður eða fundarstjóri leyfi.

X. Fjármál.

42. gr.

Upphæð árstillags og greiðsluaðferð skal ákveða á aðalfundi hverjum fyrir það ár, sem yfir stendur. Skal félagsstjórnin leggja fyrir aðalfund ákveðnar tillögur um það. Tillaga um leikkun á árstillagi nær því aðeins samþykki, að 2/3 atkvæða séu með henni. Gjalddagi árgjaldsins er 15. mars ár hvert.

43. gr.

Af tekjun félagsins skulu greidd öll útgjöld við störf þess, svo sem húsaleiga, prentunarkostnaður, starfsmannalaun og annar kostnaður, sem stafar frá löglegum samþykktum félagsfundu, trúnaðarráðsfunda eða stjórnar.

XI. Fræðslunefnd.

44. gr.

Félagsstjórnin skipar 5 manna fræðslunefnd á næsta fundi eftir aðalfund, og er hún fastanefnd allt árið. Skal hún annast um að haldnir séu fyrirlestrar eða ræður fluttar á fundum í féluginu, svo oft sem því verður við komið. Skal hún haga til, að efni sé valið eftir þörfum og hafi félagsmanna; einkum ber henni að láta leiðbeiningar og fræðslu í þjóðmegunarfræði, félagsfræði og jafnaðarmálum ganga fyrir öðru. Hún skal <sup>hafa</sup> og/áamt stjórn félagsins meðgerð með útgáfu rita eða bóka, sem félagið kostar eða tekur þátt í.

XII. Allsherjaratkvæðagreiðsla.

45. gr.

Stjórn félagsins, trúnaðarráð eða lögmætur fundur eða hverfisfundur er minnst 300 fullgildir félagsmenn meði á fundi eða hverfafundum getur ákveðið að láta fara fram allsherjaratkvæði í féluginu um mál, sem lögð eru þannig fyrir, að hegt sé að svara með jái eða neii, eða kjósa milli tveggja tillagna, og skulu þá tilbúnir greini-legir atkvæðaseðlar um nálið, svo kjósandi þurfi aðeins að krossa við já eða nei, eða við aðra tillöguna, ef tvær eru. Ráðleggingar slíks lögmets félagsfundar eða hverfa-funda, trúnaðarráðsfundar eða stjórnar viðvíkjandi atkvæðagreiðslunni mega fylgja á atkvæðaseðlinum. Allsherjaratkvæðagreiðsla er úrslitaályktun í öllum félagsmálum.

XIII. Lagabreytingar.

46. gr.

Lögum þessum má breyta með meiri hluta atkvæða við allsherjaratkvæðagreiðslu, enda hafi breytingin áður verið rædd á tveimur lögmætum fundum.

Á atkvæðaseðlinum skal fylgja álit meirmhluta trúnaðarráðs.

Um leið og samþykkt er breyting á lögunum, skal ákveða hvenær breytitíngin gengur í gildi.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Bráðabirgða ákvæði.

Trúnaðarráð skipa til næsta aðalfundar þeir félagsmenn, er kjörnir voru í trúnaðarmannaráð í janúarmánuði 1938.

f laganefnd:

Guðm. Ó. Guðmundsson.

Jón Guðlaugsson

Friðleifur Friðriksson.